

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

637. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 1. mars 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við Gunnar Sæmundsson um stöðu Þjóðlendumála.
3. Kjörskrá v/ Þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010.
4. Bréf SSNV. Tilkynning um 18. ársþing SSNV.
5. Tjaldsvæði í Kirkjuhvammi.
6. Erindi Sigríðar Tryggvadóttur. Lagt fram á 635. fundi.
7. Framhaldsdeild í Húnaþingi vestra. Farið yfir stöðu máls.
8. Endurskoðun Samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarstjórnar Húnaþings vestra.
9. Upplýsingar frá aðalfundum Fasteignafélagsins Borgar ehf., Forsvars ehf. og Hagfélagsins ehf.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt m.a. um framkvæmdir á sundlaugarsvæði ípróttamiðstöðvar, viðhaldsframkvæmdir í grunnskólanum á Laugarbakka, snjómokstur, vatnsból við Laugarbakka, skemmdarverk sem unnin hafa verið á tjaldsvæði í Kirkjuhvammi, uppsetningu steinakarla við sýslumörk o.fl. Forstöðumaður tæknideildar kynnti tillögur að aukningu bílastæða við íbúðir aldraðra í Nestúni. Byggðarráð felur tæknideild að vinna að aukningu bílastæða vestan hússins, norðan núverandi bílastæða. Um er að ræða 7 ný bílastæði. Forstöðumaður tæknideildar kynnti einnig upplýsingar um viðgerð á brú við Syðri-Hvammsá á mótum Strandgötu og Brekkugötu. Byggðarráð felur tæknideild að ganga til viðræðna við Vegagerðina um framkvæmdina.
2. Gunnar Sæmundsson er mættur til viðræðna við byggðarráð. Gunnar greindi byggðarráði m.a. frá efni aðalfundar Landssamtaka landeigenda á Íslandi, starfi og áherslum samtakanna, stöðu þjóðlendumála og fleiru því tengdu. Lagði Gunnar til að sveitarstjórn beitti sér fyrir því að landamerki heiðanna og nærliggjandi jarða í sveitarfélaginu verði hnitsett og staðfest af kunnugustu mönnum. Byggðarráð þakkar Gunnari upplýsingarnar og góða tillögu. Byggðarráð felur tæknideild að afla upplýsinga um kostnað við kaup á loftmyndum.
3. Fram lögð kjörskrá í Húnaþingi vestra vegna Þjóðaratkvæðagreiðslu þann 6. mars nk. Á kjörskrá eru alls 839 einstaklingar, 428 karlar og 411 konur. Byggðarráð samþykkir kjörskrána og felur sveitarstjóra undirritun hennar og framlagningu.
4. Fram lagt bréf framkvæmdastjóra SSNV þar sem tilkynnt er að 18. Ársþing SSNV fari fram 27.-28. ágúst nk. á Blönduósi.
5. Sveitarstjóri lagði fram upplýsingar í kjölfar viðræðna við aðila er óskuðu eftir því að taka á leigu rekstur Tjaldsvæðis í Kirkjuhvammi. Byggðarráð samþykkir að ganga til viðræðna við Erlu Kristinsdóttur og Svein Bragason um leigu tjaldsvæðisins. Undir

Þessum lið var lögð fram skýrsla Sigurðar Hólm um rekstur tjaldsvæðisins sumarið 2009.

6. Sveitarstjóri greindi frá upplýsingum sem hann hefur aflað vegna erindis Sigríðar Tryggvadóttur sem lagt var fram á 635. fundi byggðarráðs. Byggðarráð samþykkir að vísa ósk um fjárstyrk vegna gerðar heimildarmyndar um Sumardaginn fyrsta á Hvammstanga til afgreiðslu sveitarstjórnar.
7. Farið var yfir stöðu máls varðandi dreifnám á framhaldsskólastigi á Hvammstanga. Samþykkt að boða fulltrúa Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á næsta fund byggðarráðs.
8. Rætt um undirbúning að endurskoðun Samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra. Byggðarráð mun fara yfir samþykktarinnar.
9. Til kynningar lagðar fram upplýsingar frá aðalfundum Fasteignafélagsins Borgar ehf., Forsvars ehf. og Hagfélagsins ehf.

Samþykkt að taka á dagskrá:

10. Fram lögð beiðni frá Kristófer Jóhannessyni um að koma upp aðstöðu til vetrarveiða á ref sunnan Bergár í Víðidal. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar landbúnaðarráðs.
11. Byggðarráð færir Hestamannafélaginu Þyt árnaðaróskir með 60 ára afmæli félagsins og vígslu reiðhallar á Hvammstanga þann 27. febrúar sl. og sérstakar þakkir fyrir glæsilega sýningu sem haldin var af því tilefni.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:50

Halldór Sigfússon(sign.),
Elín R. Líndal(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).